

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 201/1981 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Iðgjöld skulu frá 1. janúar 1986 nema 0.23% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 206/1985.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. mars 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

Páll Sigurðsson.

Nr. 169

28. febrúar 1986

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á ljósmæðrareglugerð nr. 103/1933.**

1. gr.

5. málsg. 16. gr. er hefst á orðunum „til varnar gegn lekandabólgu í augum dreypir ljósmóðir . . . . .“ fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í ljósmæðralögum nr. 67/1984 öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 170

14. mars 1986

**AUGLÝSING**

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs, þá hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi breytingu á umferðarrétt á gatnamótum Bústaðavegar og Háaleitisbrautar.

Stöðvunarskylda á Bústaðavegi verður afnumin en í staðinn kemur biðskylda á Háaleitisbraut. Breyting þessi tekur gildi um leið og kveikt verður á umferðarljósum á gatnamótunum.

Biðskylda verður áfram á sérakreinum fyrir hægri beygju inn á báðar göturnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. mars 1986.*

**Böðvar Bragason.**